

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Nr. 242.

19. júní 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Blindrafélagsins, útgefin á venjulegan hátt að madatum af dómsmálaráðherra 19. júní 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námssjóð Blindrafélagsins sem stofnað er til vegna dánar-
gjafar Guðmundar Guðjónssonar, Ljósafossi, Árnassýslu.

Guðmundur arfleiddi Blindrafélagið að 3/30 hluta

eigna sinna með ósk um að þessum fjármunum

yrði varið til eflingar náms og menntunar

félagsmanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sem hér segir:

1. Sparisjóðsbók nr. 150918 í Landsbanka Íslands, aðalbanka ..	kr. 1 360 797
2. Skuldabréf til 7 ára (með 12% vöxtum)	— 196 875
3. Skuldabréf til 6 ára (með 12% vöxtum)	— 428 571
4. Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs:	
3 bréf útgefin 1966 að upphæð kr. 10 000 hvert	— 30 000
3 bréf útgefin 1967 að upphæð kr. 10 000 hvert	— 30 000
1 bréf útgefið 1968 að upphæð kr. 10 000	— 10 000
1 bréf útgefið 1972 að upphæð kr. 10 000	— 10 000
1 bréf útgefið 1974 að upphæð kr. 10 000	— 10 000
4 bréf útgefin 1975 að upphæð kr. 50 000 hvert	— 200 000
2 bréf útgefin 1975 að upphæð kr. 10 000 hvert	— 20 000

Nafnverð sjóðsins samtals kr. 2 296 243

3. gr.

Sjóðurinn er eign blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, Reykjavík.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er aðalstjórn Blindrafélagsins á hverjum tíma.

5. gr.

Fjármuni sjóðsins skal geyma í Landsbanka Íslands, aðalbanka. Stjórn sjóðsins ákveður að öðru leyti á hvern hátt fé sjóðsins skal ávaxtast. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og frjálsum framlögum.

6. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins en vaxtatekjur skulu notaðar til láns og styrkveitinga, allt að 70% ársvöxtum hverju sinni. Ekki minna en 30% vaxtatekna skal varið til eflingar höfuðstóls. Nemi úthlutun ekki 70% ársvaxta eða ekki er um úthlutun úr sjóðnum að ræða leggjast ársvextirnir við höfuðstól hans, eða verða meðhöndlaðir samkvæmt 5. gr. skipulagsskrárinnar.

7. gr.

Þeir sem rétt hafa til úthlutunar úr sjóðnum eru aðalfélagar Blindrafélagsins. Hver sá sem hyggur á nám við viðurkennda skólastofnun eða iðngrein getur sótt um til sjóðsins. Heimilt er í sjóðstjórn að ákveða hverju sinni, að allt að $\frac{1}{3}$ hluta af lánsúthlutun sé í formi styrkjar. Umsóknir skulu berast sjóðnum fyrir 1. maí ár hvert.

8. gr.

Vextir af lánum skulu vera alm. sparisjóðsvextir og skulu tveir sjálfskulda-ábyrgðarmenn rita á skuldaviðurkenningu lánþega. Lán skulu endurgreiðast á þrem árum, með fyrsta gjalddaga 6 mán. eftir að umsækjandi hefur lokið námi.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega samkvæmt þeim reglum sem gilda um birtingu á reikningum opinberra sjóða.

10. gr.

Sjóður þessi er stofnaður vegna óska arfleiddanda, Guðmundar heitins Guðjónssonar, um að fjármunum þessum verði varið til eflingar menntunar sjónskertra og blindra félagsmanna Blindrafélagsins.

11. gr.

Sjóðstjórn getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

12. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Ákveðið er að leita eftir samþykkt Dómsmálaráðuneytisins fyrir skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. apríl 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu.

Hermann Haraldsson fæddist að Heiðarseli í Bárðdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu, 22. ágúst 1901 og andaðist í Reykjavík 15. nóvember 1977. Hann átti ekki niðja, en lét eftir sig nokkrar eignir, og hafa systkini hans, sem á lífi eru, ákveðið að verja hluta af þeim til stofnunar þessa styrktarsjóðs, að ósk hins látna. Hermann